

er veik í köldu húsi heima hjá sér, — ég var svo þreyttur, að ég gat naumast borið eldiviðinn, og því settist ég aftan á vagninn, — — ég vissi ekki, að það var rangt gert — —”

“Við höfum nóg af slíku þvaðri”, sagði maðurinn vonskulega um leið og hann slepti drengnum. Þeir hafa ávallt nógar sögur um veikar mæður, þessir betlarastrákar, — það er gamla vísan, — maður heyrir aldrei annað. — Þú lýgur alveg eins og aðrir strákar”.

“Pabbi”, sagði drengurinn í vagninum, “má ég gefa betlarastráknum högg með svipunni minni?”

Án þess að biðja svars, teygði ríki drengurinn sig út úr vagninum og barði fátæka drenginn með litlu svipunni sinni. Fátæki drengurinn rak upp hljóð, bæði af sársauka og gremju.

“Hættu þessu, Georg”, sagði maðurinn, sem sat á aftara sætinu, um leið og hann tók í handlegg litla harðstjórans, “hættu. Fátæki drengurinn hefir fengið nægilega refsingu fyrir sína illfjörlegu yfirsjón, og það er ofboðslegt, að horfa á barn þetta svona mikilli grimd”.

Fátæki drengurinn leit þakklátlega til mannsins, sem var á hans bandi, en drengurinn í vagninum svaraði í portugum róm:

“Kennarinn þarf ekki að skifta sér af þessu, fyrst pabbi þegir, því það er honum, sem ég á að hlýða, held ég”.

Kennarinn svaraði engu en stundi.

“Settu þig upp aftur, Jóhann”, sagði harðráði maðurinn, “og þú, drengur, gættu þess eftirleidis, að setjast ekki upp í vagn aftur í leyfisleysi. Haltu af stað, ökumaður!”

Vagninn hélt áfram. Litli drengurinn huldi andlit sitt með höndunum og grét, beisklega, ákaft, eins og að eins börn geta grátid.